



## Hvammstangahöfn

Hafnarbraut 1 530 Hvammstanga  
Símar 451 2758 & 894-2909

# Áætlun á móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmaleyfa frá skipum.

## Almennar upplýsingar

**Dagsetning:** Endurbætt útgáfa 20. október 2018  
**Höfn:** Hvammstangahöfn  
**Heimili:** Hafnarbraut 1 530 Hvammstanga  
**Símar:** Vog: 894-2909 Fax: 451-2758

**Tengiliður:** Hafnarvörður  
**Netfang:** [hofn@hunathing.is](mailto:hofn@hunathing.is); [umhverfisstjori@hunathing.is](mailto:umhverfisstjori@hunathing.is)  
**Starfsemi:** Blönduð uppskipunar- og fiskihöfn ásamt smábátahöfn

Höfnin á Hvammstanga samanstendur af þremur bryggjuköntum innan sama hafnarvæðis. Á Norðurgarði hefur á síðustu árum aðallega farið fram uppskipun á landbúnaðaráburði. Suðurgarður er ætlaður til viðlegu. Á austurkanti er einn löndunarkrani 2,5 tonn ásamt 60 tonna bílavog. Smábátahafnir eru tvær og eru aðskildar sunnan við suðurgarð. Starfssemi hafnarinnar hefur breyst mikið á undanförunum árum eins og víða um land og þjónar nú höfnin aðallega einum fiskibát sem gerir út frá Hvammstanga ásamt 4-7 vöruskipum sem koma á vorin. Smábátahöfnin telur um 10 báta.



Mynd 1 Hvammstangahöfn og staðsetning úrgangsmóttöku í höfninni

## Fjöldi skipakoma – Búlkaskip með áburð og salt

	Fjöldi skipa	Fjöldi SafeSeaNet tilkynninga.	Skil á úrg. samræmi v. tilk.
2016	7	7	3
2017	7	7	3
2018	5	5	1
Samt.	19	19	7

## Lög og reglugerðir

Til grundvallar áætluninni eru;

- Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004, með síðari breytingum.
- MARPOL samningurinn um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá árinu 1973 ásamt bókun frá árinu 1978. Reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við MARPOL-samninginn.
- Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003,
- Reglugerð nr. 737/2003 með síðari breytingum, um meðhöndlun úrgangs.
- Reglugerð nr. 806/1999 með síðari breytingum, um spilliefni.
- Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 1200/2014 ásamt síðari breytingum um móttöku á úrgangi og farmaleifum frá skipum. Reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmaleifa frá skipum.

## Móttaka og úrvinnsla

Engin formeðferð fer fram hjá Hvammstangahöfn. Á höfninni eru að staðaldri eftirtalin ílát fyrir úrgang;

- 660 ltr. plastkar fyrir almennt heimilissorp.
- 2200 ltr. úrgangsolútankur
- 240 ltr. tunna fyrir almennt heimilissorp.

Á norðurgarði er ein 240L sorptunna. Á suðurgarði eru eitt 660L sorpkar fyrir mótöku sorps frá smábátum og minni bátum einnig olfukálfur fyrir úrgagnsolíu. -*sjá mynd 1*. Ferðamenska er vaxandi á Hvammstanga og nýtast sorpílatin fyrir ferðamenn einnig sem leggja leið sína á hafnarsvæðið. Verktaki losar sorpílat á höfninni samkv. sorphirðudagatali þ.e.a.s. á þriggja vikna fresti yfir vetrartímann og hálfsmánaðarlega yfir sumartímann.

Engir gámar eða ílát eru til staðar til að taka við úrgangi frá skipum. Ef sá móttökubúnaður(240L sorpílat) sem til staðar á norðurgarði nægir ekki útvegur hafnarvörður eða verktaki viðeigandi ílát við skipshlið (oftast nægir 1100 L sorpkar) og sér um flutning á því til Hirðu sorpflokkunarstöðvar sveitarfélagsins að Höfðabraut 34b til frekari flokkunar eða beint á urðunarstað, eftir því sem við á.

## Magn og tegund úrgangs

Eingöngu eru sorpílat fyrir almennt heimilissorps staðsett á hafnarsvæðinu. Það eru bæði smábátæigendur og ferðamenn sem nota ílátin og er heildarmagnið **innan við 1500 kg á ári**. Sorphirðuverktaki sendir mánaðarlega inn yfirlit yfir tíðni og magn sorplosana á höfninni, sem fært er inn í möppu ásamt útfylltum móttökuseðlum fyrir losun úrgangsolíu/ Waste oil delivery receipt.

Olíuúrgangstankurinn hefur verið losaður á þriggja – fimm ára fresti, eftir þörfum.

Um 440 – 550 ltr. safnast á ári í tankinn. Smábátæigendur og minni bátar hafa notað tankinn.

Magn (í m3) skv. tilkynningum og skilað var á land.			
Sorp	2016	2017	2018
Matarúrgangur	0,13	0,35	0,40
Plast	0,02	0,37	1,10
Annað (tilgreinið):	0,001	0,55	1

Samtals magn m3.	0,15	1,27	2,50
------------------	------	------	------

Úrgangsflokkar eru samkvæmt þeim flokkum sem skilgreindir eru í viðauka MARPOL samningsins. Flokkun, fyrirkomulag við móttöku ásamt rástöfun og fyrirkomulag greiðslna.

### ÚRGANGSFLOKKAR

	Tegund og gerð móttökubúnaðar	Rástöðfun	Kostnaður við notkun
<b>MARPOL viðauki I</b> Olíuúrgangur - s.s. úrgangspottur, olíuúrgangur austur frá velarúru og olíuúrgangur kjólvatni.	2200ltr. úrgangsolíutankur sem er til staðar eða sérferð í móttöku Hírðu skv. samkomulagi	Ef um mikið magn er að ræða þá þarf delubíl frá Hreinsitækni sem losar á viðurkenndan móttökustað.	Losun minni báta á olíuúrgangi í tank á hafnarvæðri er án gjaldtöku. Þjónusta verktaka, þjónustuaðila greiðist beint af útgerð viðkomandi skips eða umboðsmanni þess.
<b>MARPOL viðauki II</b> Spilliefni - Leitir af fljótandi efnum sem flutt eru í tönkum.	Enginn - Þess háttar úrgang þarf að tilkynna sérstaklega þarf að kalla út verktaka.	Sérferð í móttöku Hírðu skv. samkomulagi við þjónustuaðila.	Þjónusta verktaka, þjónustuaðila greiðist beint af útgerð viðkomandi skips eða umboðsmanni þess.
<b>MARPOL viðauki III</b> Hættuleg efni - innþökknó	Enginn - Þess háttar úrgang þarf að tilkynna sérstaklega þarf að kalla út verktaka.	Sérferð í móttöku Hírðu skv. samkomulagi við þjónustuaðila.	Þjónusta verktaka, þjónustuaðila greiðist beint af útgerð viðkomandi skips eða umboðsmanni þess.
<b>MARPOL viðauki IV</b> Fljótandi skilpöngur	Enginn - Þess háttar úrgang þarf að tilkynna sérstaklega. Enginn búnaður til staðar, þarf að kalla út verktaka.	Sérferð á viðurkenndan stað sveitarfélagsins fyrir losun seyru skv. samkomulagi við verktaka.	Þjónusta verktaka, þjónustuaðila greiðist beint af útgerð viðkomandi skips eða umboðsmanni þess.
<b>MARPOL viðauki V</b> Scrap frá skipum Óflokkaður úrgangur, s.s. pínat og þrávirk efni ásamt öðrum úrgangi sem til fellur í daglegum rekstri skipa, einnig veidarfær.	660ltr. kúr og 240ltr. sorpnanna. Meira magn - Útvegnað er dælt við skipshlið og sérferð í Hírðu til frekari flokkunar eða beint á förgunarsað, eður því sem við á.	Kúr og tunna sem eru að jafnaði staðsett á höfninni losað þru hverju viku eða eður þörlum og urðað í Stelkjuvirk A-Húsi eða flokkað á flokkunarsstöðinni Hírðu eður því sem við á.	Fra smábátum, losun sem vinnast í ílát á hafnarvæðri er án gjaldtöku. Það er hvati í gjaldskrá fyrir skip að skila úrgangi á land. Fast lámarksgjald, hvort sem skilnað er eður ei. Þjónusta verktaka, þjónustuaðila greiðist beint af útgerð viðkomandi skips eða umboðsmanni þess.

### Skólp

Ekki hefur verið tekið á móti skólpi frá skipum hjá Hvammstangahöfn. Enginn búnaður er til staðar fyrir slíka þjónustu, og hefur mörg undanfarin ár ekki verið óskað eftir henni.

### Spilliefni

Olíuúrgangur og hættulegum efnum skulu öll skip undantekningarlaust skila á starfsleyfissskylda móttökustöð Hírðu sem staðsett er að Höfðabraut 34b eða beint til efnamóttökunnar og ber skipstjóri ábyrgð á því að svo sé gert. Ef um mikið magn er að ræða skal skipstjóri óska eður aðstoð viðkenndra þjónustuaðila/verktaka. Notandi greiðir fyrir slíka þjónustu samkvæmt gjaldskrá viðkomandi verktaka/þjónustuaðila og skilar yfirliti yfir magn og gerð úrgagnsins.

2200 ltr.tankur er til staðar til móttöku á minniháttar magni af olíuúrgangi, sem að smábátæigendur og eigendur minni báta hafa notað. Hreinsitækni ehf. losar eður þörfum.

### Skil á upplýsingum - Ábyrgð skipstjóra/umboðsmanna skipa

Skipstjórar/umboðsmenn stærri skipa á leið til hafnar í Hvammstangahöfn bera ábyrgð á að eyðublað um úrgang og farmaleifar sem fylgir Safe Sea tilkynningu skips sé rétt út fyllt, þar sem óskað er eður að losa úrgang á land. Skipstjóri/umboðsmenn bera ábyrgð á því að úrgangi frá skipinu sé komið í viðeigandi ílát og að upplýsingar um magn móttekins úrgangs sé rétt útfyllt samkv. tilkynningu.

Hafnarvörður leiðbeinir skipstjórum/umboðsaðilum um þá þjónustu sem óskað er eður. Hafnarvörður felur einnig fyrirtækjum og/eða þjónustuaðilum að sjá um móttöku og förgun á úrgangi frá skipum og bátum í þeim tilvikum sem þurfa þykir og óskað er eður.

Yfirferð Safe Seanet tilkynninga

Með svokallaðri *Safeseanet Notification Report* komutilkynningu sem Landhelgisgæslan sendir til hafnar með a.m.k. 24 klst. fyrirvara, fylgir meðal annars tilkynning um það magn úrgangs sem skip áætla að setja á land. Hafnarvörður og/eða aðrir starfsmenn hafnarinnar yfirfara tilkynningarnar og bera þær saman við við raunverulegt magn sem kemur frá skipunum. Sé misræmi ítrekað í gögnum frá sömu skipum í SSN tilkynningum er brugðist við með viðeigandi hætti með því að tilkynna það til Umhverfisstofnunar eða hafnarrikisefirlits(Samgöngustofu).

### Þjónusta og gjaldtaka Hvammstangahafnar og verktaka

Þjónusta við skip og útgerðir er á hendi hafnarvarðar eða staðgengils hans eður því sem við á, en að öðrum kosti í höndum eigenda skipa og farmflytjenda.

Stuðst er við þjónustu starfsleyfisskyldra móttöku- og förgunaraðila á úrgangi sem til fellur á hafnarsvæði Hvammstangahafnar samkvæmt þjónustusamningum þar um. Ekki er um neina formeðferð úrgangs og farmleifa að ræða hjá Hvammstangahöfn.

Hvammstangahöfn tekur við beiðnum frá skipstjóra um móttöku á úrgangi og gerir viðeigandi ráðstafanir vegna móttöku hans og förgun, enda hafi ósk um þess háttar þjónustu borist með að lágmarki 24 stunda fyrirvara með tölvupósti. Fiskiskip og skemmtibátar sem mega einungis flytja 12 farþega eða færri eru undanþeginn því að skila inn tilkynningum um úrgang og farmleifar, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 einnig eru skip í áætlunarsiglingum sem hafa reglulega viðkomu í höfnum undanþeginn skuldbindingum um tilkynningar, skil og gjaldtöku skv. 9 gr. sömu reglugerðar þar sem fyrir hendi er fyrirkomulag sem tryggir afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda hjá Hvammstangahöfn. Gjaldskrá er í samræmi við lög nr. 33/2004 og reglugerð nr. 1201/2014 þannig að hvati sé til skipa að nota móttökuaðstöðu hafnar. Gjaldskrá Hafnarsjóðs og Hirðu móttökustöðvar má nálgast á heimasíðu Húnabings vestra [www.hunathing.is/stjornsysla/gjaldsskrar](http://www.hunathing.is/stjornsysla/gjaldsskrar)

Eftirtaldir verktakar/þjónustuaðilar hafa starfsleyfi og/eða þjónustusamninga við Húnabing vestra fyrir móttöku á úrgangi á starfssvæði Hvammstangahafnar.

- Gámabjónustan ehf./Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar ehf. s. 452 2958
- Hreinsitækni ehf. Stórhöfða 37 Reykjavík. Útibú Akureyri s. 461 4100
- Hirða móttökustöð f. úrgang, Höfðabraut 34b Hvammstanga s. 894 2909

Í þeim tilfellum sem notast er við þjónustu ofantaldra þjónustuaðila s.s. vegna olíuúrgangs, spilliefna eða annars, greiðir notandinn viðkomandi þjónustuaðila skv. þeirra gjaldskrá. Upplýsingar varðandi gjaldskrá þeirra má fá í ofantöldum símanúmerum.

Telji skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips fyrirkomulag við móttöku úrgangs ófullnægjandi ber honum að tilkynna það til hafnaryfirvalda; [hofn@hunathing.is](mailto:hofn@hunathing.is)

Telji ofangreindur að umkvörtunarefnið sé þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfis-yfirvalda á því, ber honum að senda Umhverfisstofnun afrit af skýrslunni.

Hafnarstjóri ber ábyrgð á fyrirkomulagi við móttöku úrgangs og farmleifa hjá höfninni. Hafnarvörður eða staðgengils hans annast daglega umsýslu móttökunnar og samskipti við skipstjóra, eigendur eða umboðsmenn skipa eftir því sem við á hverju sinni. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar: <http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>  
<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe>

## Samráð

Við gerð áætlunarinnar var stuðst við reynslu og þarfir undafarinna ára hvað varðar móttöku og meðhöndlun úrgangs, ásamt samráði og samstarfi við skipstjóra og umboðsaðila skipa ásamt öðrum notendum hafnarinnar og verður svo áfram. Einnig var haft samband við þá þjónustuaðila/verktaka sem þjónusta skip og báta.

## Ábyrgð

Ábyrgð á farmkvæmd áætlunarinnar og skráning á úrgangi er í höndum hafnarvarða og hafnarstjóra. Hafnarverðir munu sjá um að halda utan um og skár magns úrgangs og gefa út móttökuvittanir ef eftir því er óskað.

## Gildistími og endurskoðun

Samkvæmt 5 gr. reglugerðar nr. 1200/2014 ber að endurskoða áætlun þessa um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa á þriggja ára fresti og/eða eftir meiriháttar breytingar á rekstri hafnar. Næsta endurskoðun fer því fram eigi síðar en haustið 2021.

Hvammstanga 18. október 2018

Ína Björk Ársælsdóttir  
Umhverfisstjóri og hafnarvörður

**UMHVERFISSTOFNUN**  
Suðurlandsbraut 24 - 108 Reykjavík  
Sími 591-2000 - Fax 591-2010  
Kt. 701002-2880

*Sigr. Karólína*

Guðný Hrund Karlsdóttir  
Sveitarstjóri og hafnarstjóri



## Hvammstangahöfn

Hafnarbraut 1 530 Hvammstanga  
Símar 451 2758 & 840 4350

### STAÐFESTING Á MÓTTÓKU ÚRGANGS / CONFIRMATION OF ACCEPTANCE OF WASTE

Við höfum móttékið frá: / We have received from:

Nafn, kallmerki og IMO auðkennisnúmer skips /  
Name, call sign and IMO identification number of ship:

\_\_\_\_\_

Fánaríki / Flag State: \_\_\_\_\_

Skipstjóri / Master/CE: \_\_\_\_\_

Tegund og magn úrgangs / Type and amount of waste.

Heimilissorp / household waste ..... \_\_\_\_\_ m<sup>3</sup>

Iðnaðarsorp / Industrial waste ..... \_\_\_\_\_ m<sup>3</sup>

Spilliefni / Hazardous material ..... \_\_\_\_\_ m<sup>3</sup>

Annað / Other: \_\_\_\_\_ \_\_\_\_\_ m<sup>3</sup>

Við undirritaðir staðfestum hér með að hafa móttékið og flutt ofangreint sorp og komið til því til réttar meðhöndlunar.

We hereby verify that we have received and transported the above waste and brought it to an acceptable/certified disposal site.

**Staðfesting / Confirmed**

\_\_\_\_\_ Nafn móttökuaðila / Confirmation signature

\_\_\_\_\_ Dags. / Date

|  
Frumrit til skipstjóra / Original document for ships master

Afrit til hafnarvarðar / Copy for harbormaster.